

Fiskeldisfréttir

Ábyrgðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

1. ÁRGANGUR 1. TÖLUBLAD

MARS 2012

Ný útgáfa af Fiskeldisfréttum

Logo styrktaraðila

Logo styrktaraðila

Logo styrktaraðila



Sjávarútvegsþjónustan



Fiskeldismaðurinn Fannar Helgi Þorvaldsson

Allt frá árinu 2009 hafa Fiskeldisfréttir verið gefnar út og þá sem hluti af Sjávarútvegurinn – vefrit um sjávarútvegsmál. Fiskeldisfréttir hafa verið gefnar út fjórum sinnum á ári eða alls 12 sinnum.

Fiskeldisfréttir verða framvegis gefnar út sem sérstakt vefrit, sex sinnum á ári eða á tveggja mánaðar fresti. Pdf form af Fiskeldisfréttum verður sent til rúmlega 300 manns og einnig verður tímaritið að finna á slóðinni:

www.sjavarutvegur.is/teng/Fiskeldisfrettir.htm

Auglýsingar

Gert er ráð fyrir að Fiskeldisfréttir verði að hluta fjármagnað með auglýsingum og einnig sjálfboda-vinnu. Fyrirtæki kaupa rými í blaðinu fyrir auglýsingu sem þau hafa yfir eitt ár og jafnframt verður logo þess að finna á forsíðu Fiskeldisfréttanna. Hægt er að nota sömu auglýsingu í öllum 6

útgáfunum eða skipta út eftir þörfum.

Tilgangur

Tilgangurinn með útgáfu Fiskeldisfréttanna er að miðla fjölbættum upplýsingum um fiskeldi á Íslandi. Lögð verður höfuðáhersla á efni sem ekki er að finna í almennum fréttamiðlum eða fær takmarkaða kynningu. Markmið með Fiskeldisfréttum er m.a. að:

- Kynna nýjar framkvæmdir/framleiðslu hjá fiskeldisfyrirtækjum og þjónustufyrirtækjum innan fiskeldis.
- Kynna niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna innan fiskeldis.
- Kynna og vera með útdrátt úr skýrslum sem fjalla um málefni fiskeldis.
- Greina frá nýju fræðsluefni og öðru lesefni um fiskeldi sem er að finna á veraldarvefnum.
- Kynna fyrirhugaðar ráðstefnur og aðrar samkomur þar sem mállefni fiskeldis eru á dagskrá og gera jafnframt grein fyrir því sem þar fram kom.
- Greina frá breytingum í

stjórnsýslunni s.s. útgáfu á nýjum lögum og reglugerðum er tengjast fiskeldi.

- Kynna annað efni sem eru til hagsbóta fyrir þróun íslensks fiskeldis.

Hefur þú áhuga?

Öllum er heimilt að skrifa grein í Fiskeldisfréttir og mun ábyrgðarmaður sjá um ritstjórn á efni. Miðað er við að efni hvernar greinar verði að hámarki



ein blaðsíða með myndum. Þegar það á við verður ávallt vísað á vefslóðir til frekari upplýsinga eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Útlit Fiskeldisfréttanna

Við munum halda þessu útliti á Fiskeldisfréttum a.m.k. út árið 2012. Myndin hér að ofan er af glæsilegasta fiskeldisfyrirtæki landsins, Silfurstjörnunni í Öxarfirði.

Efnisyfirlit

Ný útgáfa af Fiskeldisfréttum	1
Góð tölfræði í norsku fiskeldi	2
Sjávarklasinn	2
Á döfnni: Framkvæmdir og áform í ísl. fiskeldi	3
Tálknafjörður—Mekka fiskeldis á Íslandi?	4

Á döfnni

Sjávarútvegsráðstefnan 8.-9. nóvember 2012

Góð tölfræði í norsku fiskeldi

Akvafakta

Norðmenn hafa lengi haldið vel utan um tölfræði fiskeldis. Einn af gagnagrunnum þar sem hægt er að sækja upplýsingar m.a. um verð, magn, birgðir, fódurnotkun o.fl. er Akvafakta.

Stöðugt flæði upplýsinga

Mánaðarlega er gefinn út skýrsla með mörgum lykiltölum um norskt fiskeldi. Í gagnagrunninum er m.a. finna upplýsingar hve mikið af hrognum er notað, fjöldi útsettra seiða og lífmassi af mismunandi stærðarhópum af laxi í sjókvím.

Hægt að spá í framtíðina

Það er auðvelt að gera áætlanir um magn sem framleitt verður á næstu mánuðum og árum út frá gögnum sem er að finna í Akvafakta. Í hverjum mánuði eru gefnar út tölur um fódurnotkun og koma því fljótt inn upplýsingar hvort framleiðslan er að minnka eða aukast.

Þekking er vald

Á forsíðu vefsins kemur fram „markaðsinformasjon - kunnskap er makt!“ eða á íslensku markaðsupplýsingar - þekking er vald. Fram kemur einnig að markmið samtakanna sem halda út vefnum sé að gefa faglegar leiðbeiningar og upplýsingar til fiskeldismanna. Upplýsingagjöfin eykur samkeppnishæfni greinar-

Akvafakta

Du er her: Hovedside

Seksjoner
 Hovedside
 Siste Akvafakta
 Tidligere statistikk
 Månedrapport
 Spørsmål og svar
 Pris
 Produksjon
 Omsetning
 Marked
 Miljø
 Annen

Markedsinformasjon - kunnskap er makt!

Ett av bransjeforeningens mål er å fremme faglig veiledning og informasjon til oppdretterne. Dette bidrar til å gjøre næringen mer konkurransekraftig, samtidig som det er et viktig grunnlag for de beslutninger som treffes av organisasjonen. Slik dokumentasjon er også viktig i forbindelse med de ulike handelspolitiske sakene som preger næringen.

Høsten 1999 tok FHL (tidligere Norske Fiskeoppdretteres Forening) initiativ overfor Fiskeridepartementet for å få etablert elektronisk rapportering. Dette skulle forenkle rapporteringen næringen er pålagt, effektivisere innsamling av informasjon og bidra til å få en bedre nasjonal statistikk på produksjonssituasjonen. Disse målene ble nådd med etableringen av elektronisk rapportering fra januar 2001, og opprettelse av Havbruksdata.

I 2003 ble Lusedata etablert, og innsamlet lusedata er gjort tilgjengelig på Internett (<http://www.lusedata.no>). Sidene synliggjør at næringen tar problemet alvorlig, og at målrettet lusebekjempelse gir resultater.

Akvafakta er en av flere Internett - tjenester som FHL har etablert for å gi medlemmer og andre informasjon om Havbruk. Mer informasjon om FHL finner du på www.fhl.no. Spesifikk informasjon om statistikk på FHL sine sider finner du her.

En kort oppsummert oversikt over status:

Snitt pris til oppdretter	uke 2	: 23,36 Kr.	-41 % mindre enn samme uke i fjor
Totalt eksportkvantum	uke 1	: 15 499 Tonn	16 % mer enn samme uke i fjor
Omsetning av fôr	uke 52	: 15 193 Tonn	-2 % mindre enn samme uke i fjor

LUSEDATA
Havbruksdata

innar, samtímis að þær eru mikilvægur grunnur við ákvörðunartöku. Gagnagrunnurinn er einnig mikilvægur fyrir ákvarðanir er þarf að taka varðandi skipulagningu útflutning á eldisfiski.

Hver er staðan á Íslandi?

Þær opinberar tölur sem gefnar eru út hér á landi eru lítið annað en framleiðsla og útflutningur. Sá aðili sem hefur gefið bestu árlegu upplýsingar um íslenskt fiskeldi er dýralæknir fisksjúkdóma. Á vef Landssambands fiskeldisstöðva er að finna yfirlit yfir ársframleiðslu flestra fiskeldistegunda. Á vef Hagstofu Íslands er hægt að sækja gögn um framleiðslu og útflutning. Gallinn við þessi gögn er að þau hafa lítið annað en sagnfræðilegt gildi sem er í sjálfum sér hið

besta mál.

Hvað er í pípunum?

Gallinn við upplýsingaröflun fyrir íslenskt fiskeldi er að hún nýtist mjög takmarkað sem stjórnþæki. Norðmenn eru með á hreinu hvað er í pípunum, en sú þekking er takmörkuð hér á landi. Tölfræði íslensks fiskeldis er því í skötulíki og getum við margt lært af Norðmönnum. Það er rétt að íslenskt fiskeldi er u.þ.b. 200 sinnum minna en norskt fiskeldi. Það er í sjálfum sér engin afsökun, öflugur gagnagrunnur er jafn mikilvægur við stjórnun útflutnings hvort sem framleiðslan er um 5.000 tonn eins hér á landi eða 1.000.000 tonn í Noregi.

Slóð: <http://akvafakta.fhl.no/>

Sjávarklasinn

Sjávarklasinn hefur nú gefið út tvær skýrslur:

- Íslenski sjávarklasinn. Skýrsla um umsvif, tækifæri og áskoranir.
- Þýðing sjávarklasans í íslensku efnahagslífi.

Það er sérstaklega í fyrri skýrslunni sem fjallað er um fiskeldi þ.e.a.s. í fimmta kafla hennar. Í skýrslunni

kemur m.a. fram: „Eldi á fiski sem að mestu nærast á jurtafóðri og alinn er í ódýru eldisrými í tjörnum mun að öllum líkindum veita fiskeldi á norðurslóðum og veiðum á hvítfiski úr Norður-Atlantshafi töluverða samkeppni. Samkvæmt spám FAO er gert ráð fyrir að aukið framboð á fiskmeti á næstu áratugum muni að mestu koma frá fiskeldi og framleiðslan gæti orðið um 90 milljón tonn árið 2030“.

Slóð: www.sjavarklasinn.is



Á döfinni: Framkvæmdir og áform í íslensku fiskeldi

Áform um aukna framleiðslu

Það er margt sem bendir til að talsverð aukning verði í íslensku fiskeldi á næstu árum. Hafnar eru endurbætur eða stækkanir á nokkrum fiskeldistöðum og nokkrar fyrirhugaðar framkvæmdir eru í umsóknarferlinu.

Endurbætur og stækkanir

Á vegum Stofnfisks hafa verið umtalsverðar framkvæmdir og afkastageta fyrirtækisins hefur aukist umtalsvert. Þessar framkvæmdir hafa farið hljótt og stefnt er að gera betur grein fyrir þeim seinna.

Náttúra fiskrækt hefur keypt standeldisstöð sem hét Smári fyrir um tveimur áratugum síðan. Landeldisstöðin er staðsett í Þorlákshöfn en hún hefur ekki verið í notkun í fjölda ára. Það standa nú yfir endurbætur á henni og fljótlega verður tekið á móti bleikjuseiðum.

Fjarlax heldur áfram að fjölga kvíum og auka framleiðsluna. Fyrirhugað er að hefja eldi í Patreksfirði á þessu ári. Verið er að slátra laxi úr kvíum í Tálknafirði og fyrirtækið er einnig með sjókvíaeldi í Arnarfirði.

Upptalningin hér að ofan er ekki endanleg og má einnig nefna önnur fyrirtæki sem hafa unnið að stækkanum eins og Fiskeldið Haukamýragili, Hólalax og Íslensk matorka í Fellsmúla og Galtalæk. Einnig má nefna Íslandsbleikju á Vatnsleysu en þar hefur verið unnið að breytingum á körum til að auðvelda losun á fiski úr þeim.

Afgreiðslur hjá Skipulagsstofnun

Nýlega tilkynnti Skipulagsstofnun að 200 tonna eldi á Galtalæk og 300 tonna eldi á Fellsmúla þyrfti ekki að fara í umhverfismat. Íslensk matorka er með báðar þessar staðsetningar. Jafnframt er Íslensk

matorka að kanna möguleika á fiskeldi á Keilisnesi, en þessi áform eru á byrjunarstigi og ræðst framhaldið fyrst of fremst af því hve mikið kalt og heitt vatn finnst á svæðinu.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hefur sent til Skipulagsstofnunar tilkynningu um 7.000 tonna fyrirhugað fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Einnig hefur Laxar fiskeldi sent inn tilkynningu um 4.000 tonna fyrirhugað laxeldi í Fáskrúðsfirði.

Mál hjá Umhverfisstofnun

Hjá Umhverfisstofnun eru nú í vinnslu starfsleyfisumsóknir frá Fjarðarlax og Arnarlax í Arnarfirði. Fjarðarlax sækir um heimild til að framleiða 1.500 tonn af laxi og Arnarlax um 3.000 tonn af laxi.

Nýlega afgreiddi Umhverfisstofnun 6.000 tonna starfsleyfi til laxeldis í Reyðarfirði til Laxar fiskeldi.

Um mitt síðast ár tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að 2.000 tonna eldi á senegalflúru á vegum Stolt Sea farm þyrfti ekki að fara í umhverfismat. Þegar þetta er ritað hefur Umhverfisstofnun ekki gefið út starfsleyfi.


Upptalningin hér að ofan er ekki endanleg og eru nokkur fyrirhugaðar framkvæmdir sem eru komnar styttra á veg og verður vonandi tilkynnt um þær fljótlega.



Eldiskví hjá Fjarðarlaxi í Tálknafirði



Aðstaða Íslenskrar matorku á Galtalæk



Unnið hefur verið að endurbótum á körum hjá Íslandsbleikju á Vatnsleysu til að auðvelda losun á fiski.



Framkvæmdir hjá Fiskeldinu Haukamýri

Tálknafjörður - Mekka fiskeldis á Íslandi?

Fiskeldisstöðvar í rekstri

Í Tálknafirði eru margar fiskeldisstöðvar og þar má nefna:

- Fjarðarlax með laxeldi í sjókvíum
- Tungusilungur, með bleikju- og regnbogasilungsemi á þremur starfsstöðvum á landi og er jafnframt með fullvinnslu.
- Bæjarvík með landeldisstöð þar sem stundað er matfiskeldi á bleikju.
- Dýrfiskur með framleiðslu á regnbogasilungseiðum.
- BA 337 með áframeldi á þorski í sjókvíum.
- Nýskel með kræklingarækt.

Jafnframt má nefna fiskeldisstöð á Sveinseyrir sem hét áður Sveinseyrarlax. Sú stöð hefur ekki verið í notkun lengi en allnokkrir hafa áhuga að byrja þar með fiskeldi.



Magnús Guðmundsson eigandi Tungusilungur en myndin er tekin fyrir tæpum 10 árum síðan. Þrátt fyrir 82 ára aldur er maðurinn þekktur fyrir mikinn kraft og dugnað. Magnús er lítilsháttar byrjaður að eldast sem kemur helst fram í því að hann er búinn að fá sér fóðurkerfi. Fram að því hefur hann sveiflað fóðuropokum sem yngri menn hafa ekki leikið eftir.



Jón Örn Pálsson fluttist til Tálknafjarðar árið 2001 gagnagert til að vinna við laxeldi. Ekkert var úr áformun en Jón hóf umhverfisrannsóknir til að undirbúa jarðvegin. Með kraft og þrautseigu tókst að fá Fjarðarlax á svæðið og hófst laxeldi í Tálknafirði á árinu 2010. Jón Örn er nú svæðisstjóri hjá Fjarðarlaxi á sunnanverðum Vestfjörðum.



Sveinseyrarlax



Tungusilungur



Dýrfiskur



Bæjarvík



Tungusilungur